



Sveitarfélagið **ÁRBORG**

Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í Árborg

1. gr.

Aðstoð við heimilisþrif

Gjald fyrir heimaþjónustu er **1.170 krónur** fyrir hvern unnin tíma. Aldrei er þó innheimt fyrir meira en tveggja tíma aðstoð við heimilisstörf vikulega. Þjónusta umfram það er gjaldfrí.

2.gr.

Tekjumörk árið 2017

Við ákvörðun tekjumarka fyrir árið 2017, er miðað við framfærsluviðmið Tryggingastofnunar ríkisins í janúar 2017 sem er 281.050 kr. á mánuði fyrir þá sem búa einir og 228.734 kr. fyrir þá sem búa með öðrum. Einstaklingar með tekjur undir þessum mörkum eiga rétt á niðurfellingu gjalds. Þeir sem eingöngu hafa tekjur frá TR eiga rétt á niðurfellingu gjalds fyrir ofangreinda þætti félagslegrar heimaþjónustu jafnvel þótt tekjur þeirra frá TR séu hærri en ofangreind viðmið um tekjumörk. Þeir sem hafa tekjur umfram tekjur frá TR eða framfærsluviðmið, greiða aldrei hærri upphæð fyrir þjónustu en sem nemur 50% af umframtekjum.

3.gr.

Niðurfelling gjalds fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf

Þeir sem eru eingöngu með tekjur frá Tryggingastofnun Ríkisins, eða samsvarandi tekjur, eiga rétt á að sækja um niðurfellingu á gjaldi. Viðmiðunarupphæðir taka breytingum í samræmi við breytingar á bótum almannatrygginga. Undanþága frá gjaldi gildir eingöngu fyrir aðstoð við heimilisþrif.

Sótt er um niðurfellingu gjalda á sérstökum eyðublöðum sem m.a. má nálgast í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2, s. 480-1900, í Þjónustumiðstöð aldraðra að Grænumörk 5 og á

vefsíðu bæjarins: www.arborg.is Árlega er kallað eftir endurnýjun umsókna um niðurfellingu gjalds og tekjuupplýsingum. Kjósi notendur af einhverjum ástæðum að skila ekki inn umsókn og tekjuupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald.

4. gr.

Gjald fyrir heimsendan mat

Notandi greiði **205 krónur** fyrir hverja heimsendingu.

5. gr.

Gjald fyrir akstur á vegum félagsþjónustunnar

Notandi greiðir fyrir hvern ekinn kílómetur sem ekinn er af starfsmanni með eða fyrir notandann samkvæmt gjaldskrá ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins, sjá nánar á vefsíðu ráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is/ferdakostnadir/

6.gr.

Gjald fyrir öryggishnapp

Íbúar í Grænumörk 1, 3 og 5 sem hafa öryggishnapp í íbúðum sínum, greiða mánaðargjald samkvæmt gjaldskrá Sjúkratrygginga hverju sinni.

7. gr.
Gjald fyrir þjónustu dagdvalar

Notendur þjónustu dagvistar aldraðra í Sveitarfélaginu Árborg skulu greiða daggjald í samræmi við ákvæði í reglugerð um daggjöld dvalarheimila og dagvista og húsnæðisgjald vegna viðhalds öldrunarstofnana sem lögð er fram ár hvert af velferðarráðuneytinu.

8.gr.
Innheimta

Reikningar fyrir þjónustu samkvæmt 1., 4.,5., 6. og 7. grein eru sendir þjónustuþegum eftirá og fá þjónustuþegar heimsendan greiðsluseðil frá sveitarfélaginu.

Berist greiðsla ekki á eindaga sendir sveitarfélagið greiðanda aðvörun. Hafi vanskil staðið í þrjá mánuði frá eindaga að telja fer krafan í lögfræðinnheimtu og þjónustan fellur niður þar til skuldin hefur verið greidd.

8. gr.
Málskot

Heimilt er að skjóta ákvörðun um synjun á lækkun eða niðurfellingu á greiðslu heimaþjónustu samkvæmt 3. gr. til félagsmálanefndar Sveitarfélagsins Árborgar. Skal það gert skriflega og innan fjögurra vikna frá því notanda var kunnugt um ákvörðun starfsmanna.

Ákvörðun félagsmálanefndar má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert skriflega og innan fjögurra vikna frá því notanda var kunnugt um ákvörðun nefndarinnar.

Ákvörðun félagsmálanefndar má skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert skriflega og innan þriggja mánaða frá því notanda var kunnugt um ákvörðun ráðsins.

10. gr.
Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 25. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og tekur gildi 1. janúar 2018. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í Sveitarfélaginu Árborg frá 1. janúar 2017. Gjaldskrá þessa skal endurskoða árlega.

Samþykkt í bæjarstjórn þann 13. desember 2017 og gildir frá og með 1. janúar 2018